

**Efnahags- og
viðskiptaráðuneyti**

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
Dagsetning: 24.05.2012
Málsnúmer: EVR11120018
Bréfalykill: 3.1

Efni: Umsagnir við frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki nr 161/2002 með síðari breytingum, lagaumhverfi sparisjóða.

Ráðuneytinu hefur borist ósk um að það geri grein fyrir viðhorfum sínum til umsagna sem borist hafa efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis við frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum, á þskj. 1253, 762. mál, nánar tiltekið lagaákvæðum sem sérstaklega varða sparisjóði.

Umsagnir bárust frá Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF), Sambandi íslenskra sparisjóða (SÍSP), sveitarstjórn Langanesbyggðar (SL), Fjármálaeftirlitinu (FME) og sameiginlega frá KEA svf., Sparisjóði Höfðhverfinga, Akureyrarkaupstað og Grýtubakkahreppi (KEA). Farið verður yfir umsagnirnar í sömu röð og greinar frumvarpsins. SFF gerði ekki athugasemdir við ákvæði í frumvarpinu og styður samþykkt þess.

Um 1. og 2. gr.

FME bendir á að með frumvarpinu séu starfsheimildir sparisjóða þrengdar frá því sem nú er. Er það enda einn megintilgangur frumvarpsins að afmarka starfsheimildir sparisjóða við inn- og útlánastarfsemi en að girða fyrir það að þeir stundi fjárfestingabankastarfsemi. Sú takmörkun sem FME tilgreinir sérstaklega og kann að hafa bein áhrif gagnvart viðskiptamönnum, þ.e. kaup og sala á gjaldeyri, ætti ekki að koma að sök, að mati ráðuneytisins, þar sem sparisjóðunum ætti að vera í lófa lagið að semja við aðila sem hefur heimildir til slíkrar starfsemi að kaupa og selja í umboði hans, sbr. 9. tölul. 4. gr.e. (um 65 gr. laganna).

KEA gagnrýnir að sparisjóðum verði ekki heimilt að stunda fjárfestingabankastarfsemi, verði frumvarpið að lögum. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er það samið að höfðu samráði við verkefnishóp á vegum sparisjóðanna sjálfra. Stjórn SÍSP mælir með samþykkt þess og gerir ekki athugasemdir við þessa takmörkun.

Í þessu samhengi vill ráðuneytið vísa til umræðu sem fram fór á þingfundi mánudaginn 21. þ.m. um skýrslu efnahags- og viðskiptaráðherra þar sem fjölmargir þingmenn tjáðu sig um aðskilnað fjárfestinga- og viðskiptabankastarfsemi.

FME veltir upp þeirri spurningu hvernig með skuli fara viðskipti sem hafin voru fyrir gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum, og ekki falla að hinum takmörkuðu starfsheimildum. Telur ráðuneytið að FME sem eftirlitsaðili hafi það í hendi sér að meta slík tilvik með meðalhóf að leiðarljósi og að ekki sé þörf á sérstöku bráðabirgðaákvæði til að taka á þeim tilvikum.

Um 4. gr.

við hlutafélagasparisjóðs verði skipuð að 2/3 af ráðherrum. Telja KEA að eðlilegra sé að aðilar frá starfssvæði viðkomandi sparisjóðs skipi alla stjórnarmenn. Ráðuneytið hefur ekki afstöðu til þessarar tillögu.

Annað

FME veltir því upp hvort breyta þurfi ákvæði 14. gr. laganna um lágmarksstofnfé. Að mati ráðuneytisins er ekki þörf á því. Eðlilegt er að gefa kost á því að stofna staðbundna sparisjóði með 1 milljóna evru stofnfé. Ákvæði greinarinnar eiga eðli máls samkvæmt ekki við um starfandi sparisjóði.